



Ísland og ímyndir Norðursins

Ímyndir landa og þjóða taka um þessar mundir miklum breytingum bæði vegna hnattvæðingar og breytinga á umhverfi jarðarinnar.

Á námskeiðinu verður fjallað um hvernig ímyndir Íslands sem hluta Norðursins birtast bæði sögulega og í samtímanum og hvernig þær hafa breyst.

Rætt verður um rætur og hlutverk slíkra ímynda og hvernig þær tengjast síbreytilegum hugmyndum um Norðrið og Ísland sem hluta þess t.d. hið frumstæða Ísland í Norðri, hið villta Ísland og hið tæknivædda og siðmenntaða Ísland. Einnig verður rætt um hvernig ímyndir Íslands hafa einkum speglast í nágrannalöndum. Áhrif og iðkun þessara ímynda verða einnig skoðuð t.d. í fjölmiðlum, ferðamennsku, kvikmyndum og bókmenntum.

Sérstök áhersla verður lögð á að gaumgæfa hugtakið Norður, inntak þess og breytilegar merkingar. Þá verður fjallað um ímyndahugtakið, ýmsar merkingar þess og á hvern hátt það er einkum notað í samtímanum. Stuðst verður við þverfaglegar heimildir og fræðirit. Kennarar eru þátttakendur í alþjóðlegu rannsóknaverkefni á efninu sem nú stendur yfir.

Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

Umsjón:

Sumarliði R. Ísleifsson og
Kristinn Schram

Aðrir kennarar:

Clarence E. Glad,
Marion Lerner,
Katla Kjartansdóttir og fleiri

Hvar:

Endurmenntun HÍ

Hvenær:

Fim. 16. okt. - 6. nóv.
kl. 20:15-22:00 (4x)

Verð:

17.500 krónur